

## Samningur ríkisins og Akraneskaupstaðar um fullnaðaruppgjör lífeyrisskuldbindinga hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða

Akraneskaupstaður (hér eftir sveitarfélag), kt. 410169-4449, Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili (hér eftir hjúkrunarheimili), kt. 500576-0229, fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands (ríkissjóður), kt. 540269-6459, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), kt. 711297-3919, Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH), kt. 430269-4889 og Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (Brú), kt. 491098-2529, í samningi þessum nefndir lífeyrissjóðir, gera með sér svofelldan samning um tilhögun fullnaðaruppgjörs lífeyrisskuldbindinga vegna öldrunarþjónustu sem Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili veitir og fjármögnuð er með daggjöldum úr ríkissjóði.

Samningur þessi byggir á samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016 um tilhögun uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í B-deildum LSR og Brúar og LH.

### 1.0. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar og sérstök iðgjöld (viðbótariðgjöld)

Samkomulag er um að ábyrgð og greiðsla á áföllnum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimilisins hjá B-deildum LSR og Brúar og LH, miðað við stöðu þeirra 31. desember 2015, skiptist milli sveitarfélagsins og ríkissjóðs sem hér segir:

- 1.1. Ríkissjóður tekur yfir og ábyrgist 97% af áföllnum lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimilisins hjá B-deildum LSR og Brúar og LH eins og þær eru samkvæmt tryggingafræðilegu mati 31. desember 2015. Ef skuldbindingarnar eru skráðar á sveitarfélag en ekki hjúkrunarheimilið skal fylgja með samningi þessum yfirlýsing sveitarfélags vegna fullnaðaruppgjörs skuldbindinga sem til yfirtöku koma ásamt tryggingafræðilegu mati. Það mat skal tilgreina kennitölur og ávinnslutíma þeirra starfsmanna sem skuldbindingin nær til við hlutaðeigandi lífeyrissjóð. Sveitarfélagið skal gera upp við lífeyrissjóðina áfallnar lífeyrisskuldbindingar sem ekki eru yfirteknar af ríkissjóði skv. lið 4.1.
- 1.2. Sérstökum iðgjöldum (hér eftir nefnd viðbótariðgjöld) skv. 5. mgr. 33. gr. laga nr. 1/1997, um LSR, með síðari breytingum, og 5. mgr. 20. gr. laga nr. 2/1997, um LH, með síðari breytingum, sem hjúkrunarheimilið/sveitarfélagið hefur greitt af launum starfsmanna sinna til LSR og LH, og reiknaðri ávöxtun þeirra til 31. desember 2015, skal skipt á milli sveitarfélagsins og ríkissjóðs í sömu hlutföllum og kveðið er á um í lið 1.1. Uppgjör á hlutdeild sveitarfélags fer fram eins og kveðið er á um í lið 4.1.
- 1.3. Viðbótariðgjöld sem greidd hafa verið af hálfu hjúkrunarheimilisins vegna launa starfsmanna þess frá 1. janúar 2016 koma til uppgjörs skv. lið 4.2.



## 2.0. Lífeyrishækkunar og hlutdeild í greiddum lífeyri

- 2.1. Ábyrgð á greiðslu hækkana sem verða frá og með 1. janúar 2016 á áður úrskurðuðum lífeyri starfsmanna hjúkrunarheimilisins, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga um LSR og 1. mgr. 20. gr. laga um LH, færast frá hjúkrunarheimilinu/sveitarfélaginu til ríkissjóðs, enda hefur komið til uppgjors skv. lið 4.1.
- 2.2. Sveitarfélagið ber ábyrgð á lífeyrishækkunum og hlutdeild í greiddum lífeyri á gjalddaga fyrir 1. janúar 2016. Séu lífeyrishækkunar og hlutdeild í greiddum lífeyri til B-deilda LSR og Brúar og LH sem voru á gjalddaga fyrir þann tíma í vanskilum skal sveitarfélagið gera þær upp við lífeyrissjóðina skv. lið 4.1. með öllum áföllnum kostnaði.
- 2.3. Hafi hjúkrunarheimilið/sveitarfélagið greitt lífeyrishækkunar sem ríkissjóður ber ábyrgð á skv. lið 2.2., þ.e. frá 1. janúar 2016, koma þær til uppgjors skv. lið 4.1.
- 2.4. Hlutdeild í greiddum lífeyri sem hefur verið greidd af hálfu hjúkrunarheimilis/sveitarfélags vegna lífeyris starfsmanna þess frá 1. janúar 2016 til Brúar skal endurgreiða til hjúkrunarheimilis/sveitarfélags og koma til uppgjors skv. lið 4.1.

## 3.0. Framtíðarskuldbindingar

- 3.1. Frá og með 1. janúar 2016 mun hjúkrunarheimilið greiða iðgjald umfram lögbundið iðgjald skv. 23. gr. laga um LSR, 7. gr. laga um LH og ákvæði 1.4 og 1.5 úr viðauka 2 við samþykktir Brúar: Réttindaákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar, sbr. 2. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, til þess að mæta framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna sinna sem aðild eiga að B-deildum LSR og Brúar og LH auk ákvæðis 28.7 gr. í samþykktum Brúar. Iðgjaldið skal vera til fullnustu á nýjum skuldbindingum skv. 1. mgr. 33. gr. laga um LSR, skv. 1. mgr. 20. gr. laga um LH og skv. 28. gr. samþykktu Brúar. Með samtímagreiðslum fullnaðarlífeyrisiðgjalda ber hjúkrunarheimilið ekki frekari ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum í lífeyrissjóðunum vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem samtímagreiðslur þessar taka til, sbr. 4. mgr. 33. gr. laga um LSR, 4. mgr. 20. gr. laga um LH og 28.7 gr. í samþykktum Brúar.
- 3.2. Iðgjald umfram hið lögbundna iðgjald skal vera 21% af þeim launaliðum sem iðgjald er reiknað af vegna starfsmanna sem eiga aðild að B-deild LSR, 25% vegna starfsmanna sem eiga aðild að LH og 23% vegna starfsmanna sem aðild eiga að Brú. Heildariðgjald til samtímagreiðslu fullnaðarlífeyrisiðgjalda nemur því 33% hjá B-deild LSR, 37% hjá LH og 35% hjá B-deild Brúar.
- 3.3. Við launagreiðslur frá og með 1. janúar 2017 skal iðgjald til lífeyrissjóðanna gert upp í sámræmi við lið 3.2. ásamt því að hjúkrunarheimilið skal reikna

Handwritten signatures and initials, including "RA" and "KW".



fullnaðariðgjald vegna ársins 2016 og gera þau upp gagnvart hlutaðeigandi lífeyrissjóðum eigi síðar en 16. janúar 2017 og eftir það í samræmi við launauppgjör hvers tímabils. Fullnaðariðgjöld vegna ársins 2016 skulu bera vexti frá þeim tíma sem þau hefðu átt að koma til gjalda, sbr. liður 4.2.

- 3.4. Ef hjúkrunarheimilið hefur lagt niður stöðu og sjóðfélagi fengið vegna þess áframhaldandi aðild á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laga um LSR, 2. mgr. 14. gr. laga um LH eða ákvæði 11.3. úr viðauka 2 við samþykktir Brúar: Réttindaákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar, skal sveitarfélagið gera upp framtíðarskuldbindingu vegna sjóðfélagsins í sama hlutafalli og kveðið er á um í lið 1.1.
- 3.5. Ef hjúkrunarheimilið leggur niður stöðu og sjóðfélagi fær vegna þess áframhaldandi aðild á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laga um LSR, 2. mgr. 14. gr. laga um LH eða ákvæði 11.3. úr viðauka 2 við samþykktir Brúar: Réttindaákvæði úr samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar, eftir gerð þessa samnings, skal hjúkrunarheimilið gera upp framtíðarskuldbindingu vegna sjóðfélagsins að fullu.

#### 4.0. Uppgjör

- 4.1. Uppgjör milli sveitarfélagsins og lífeyrissjóðanna á hlutdeild í áföllnum lífeyrisskuldbindingum skv. lið 1.1., viðbótariðgjöldum skv. lið 1.2., ofgreiddum eða vangreiddum lífeyrishækkunum og hlutdeild í greiddum lífeyri skv. liðum 2.1.-2.4., skal fara fram innan 30 daga frá undirritun samnings þessa.
- 4.2. Þrátt fyrir ákvæði liðar 4.1. skal uppgjör milli hjúkrunarheimilisins og lífeyrissjóðanna skv. lið 3.3. fara fram eigi síðar en 16. janúar 2017, ásamt 6% ársvöxtum af reiknuðu fullnaðariðgjaldi ársins 2016 frá þeim tíma sem þau hefðu átt að koma til gjalda og fram til uppgjörsdags. Eindagi vaxtagreiðslu skal vera 30 dögum eftir undirritun samnings þessa.
- 4.3. Lífeyrishækkunum sem ríkissjóður yfirtekur og ábyrgist greiðslu á skv. liðum 2.1. og 2.3. má skuldajafna á móti viðbótariðgjöldum sem ríkissjóður tekur yfir samkvæmt samningi þessum, sbr. lið 1.2. Viðbótariðgjöldum sem ekki verður ráðstafað með þessum hætti skal fara með sem fyrirframgreiðslu ríkissjóðs á móti yfirteknum áföllnum lífeyrisskuldbindingum.
- 4.4. Ríkissjóður greiðir Brú andvirði yfirtekinna lífeyrisskuldbindinga hjúkrunarheimilisins, sbr. lið 1.1., innan 30 daga frá undirritun samnings þessa.

#### 5.0. Gildistaka o.fl.



- 5.1. Samningur þessi er gerður samkvæmt heimild Alþingis í á fjárukalögum ársins 2016.
- 5.2. Samningurinn fellur út gildi verði ekki farið með uppgjör líkt og kveðið er á um í samningnum.
- 5.3. Ákvæði samnings þessa, um yfirtöku ríkissjóðs og ábyrgð á áföllnum lífeyrisskuldbindingum, lífeyrishækkunum og hlutdeild í greiddum lífeyri hjúkrunarheimilisins skv. 1. og 2. kafla samningsins, öðlast gildi þegar uppgjör skv. liðum 4.1. og 4.2. hefur farið fram í samræmi við uppgjörsyfirlit lífeyrissjóðanna sem staðfest verða sérstaklega af fulltrúum samningsaðila.

Samkomulag þetta er undirritað í fimm eintökum og heldur hver samningsaðila sínu eintaki.

Reykjavík, 13. janúar 2017

F.h. ríkissjóðs Íslands



F.h. Akraneskaupstaðar




F.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og  
Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga



F.h. Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna  
sveitarfélaga



F.h. Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis



## Fylgiskjöl með samningi þessum:

Samkomulag um tilhögun uppgjors lífeyrisskuldbindinga B-deilda lífeyrissjóða milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 28. október 2016.

Uppgjörsyfirlit frá LSR, LH og Brú yfir lífeyrishækkunir, hlutdeild í greiddum lífeyri, viðbótariðgjöld, lífeyrisskuldbindingar og annað er til uppgjors skal koma samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

Yfirlýsing frá sveitarfélagi um fullnaðarupplýsingar og uppgjör vegna hjúkrunarheimilis, sbr. lið 1.1.

Heimild sveitarfélags til samningsgerðar.

BJ 99  
LH RA'  
HH